

Samantekt á viðnámsmæligögnum ROS

Sigurlaug Hjaltadóttir

Greinargerð SHj-2002-01



Samantekt á viðnámsmæligögnum ROS

Inngangur

Haustið 2001 var hafist handa við að safna skipulega saman öllum viðnámsmælingum til geymslu á stafrænu formi. Þá hafði þegar verið komið upp geymslusvæði fyrir TEM-viðnámsmælingar. Markmiðið var að koma öðrum (eldri) viðnámsmælingum á svipað geymsluform.

Undanfarin ár hafa sumarmenn af og til gengið í það verk á rigningardögum að slá inn gamlar Schlumberger-mælingar. Þeim skráum var öllum safnað saman á viðeigandi svæði (sjá hér að neðan). Þá var haldið áfram að slá inn þær Schlumberger-mælingar sem eftir voru, svo og tvíþólmælingar og kínamælingar (viðnámsenniðsmælingar). Dágóður tími fór einnig í að finna hnit fyrir mælingarnar. Það var einkum gert með því að leita að kortum/teikningum úr gömlum skýrslum og hnita þau. Einnig fundust nokkur landakort sem mælingarnar höfðu upphaflega verið merktar inn á. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir það sem búið er að safna saman og hvar gögnin er að finna.

TEM-mælingar

TEM-viðnámsmælingar eru geymdar á svæði /jel/tem/. Þar má finna lesskrána README með eftirfarandi upplýsingum frá Hjálmari:

2/2/1999/HE: Hér eru (eða eiga að vera) öll TEM gögn, ásamt niðurstöðum.
Á hverju svæði eru eftirfarandi undirsvæði:

fru .fru skrár, frumgögn mælinga

urv .inv .plo skrár, hér er ætlast til að menn túlki TEM gögnin (teminv).

inv_plo Á þessu svæði eiga að vera loka plott skrárnar, ásamt .inv skráum.

myndir Hér eiga að vera allar myndir; skipta má þessu í undirsvæði t.d. kort og snið. Geymið keyrsluskrárnar fyrir myndir (skipanaskrárnar) og postscript myndir sem fara í skýrslu.

texti Svæði fyrir texta, þ.e. skýrslur, greinargerðir eða þess háttar.

Um úrvinnsluforrit má fá upplýsingar með temhelp. Mörg forritanna eru með hjálparlykil (-h). Eftir að úrvinnslu svæða er lokið, eru þeir „sem vinna úr mælingum, beðnir um að sjá til þess að upplýsingar um mælingarnar komi fram í eftirfarandi skráum:

/jel/tem/MASTER/tem.xyz
/jel/tem/MASTER/tem.dir
/jel/tem/MASTER/tem.skrl
/jel/tem/MASTER/tem.skro

X Y H STÖÐ
STÖÐ directory fyrir inv og plot skrár
STÖÐ „heiti á plott skrá fyrir lagskipt líkan”
STÖÐ „heiti á plott skrá fyrir OCCAM líkan”

Frekari leiðbeiningar má finna í /jel/tem/MASTER/LES.

Schlumberger-mælingar

Schlumberger-viðnámsmælingar eru geymdar á svæði /jel/slumm á sama hátt og TEM. Á hverju svæði eru eftirfarandi undirsvæði:

frm .frm skrár, frumgögn mælinga.

urv .syn .mod skrár, hér er ætlast til að menn geymi túlkunarskrár.

syn_mod Á þessu svæði eiga að vera loka mod skrárnar, ásamt .syn skrá.

Önnur svæði, sbr tem.

Tiltölulega fáar túlkunarskrár eru til fyrir Schlumbergermælingar. Á svæðinu eru því aðallega að finna frumskrár (.frm).

Á /jel/slumm/MASTER er einnig að finna eftirfarandi skrár:

slumm.dir	Listi yfir frumskrár og hvar þær er að finna.
slumm.xyz_utm	UTM-Hjörsey-hnitalisti fyrir þær mælingar sem búið er að slá inn.
slumm.xyz_utm_wgs84	Sami listi í UTM-WGS84.
hnit_ekki_gengin_ut	Hnit sem fundin hafa verið og skráð en frumskrár ekki til í tölvu.
finna_hnit	Frumskrárnar er búið að slá inn en hnitin vantar.

Ef slegnar eru inn mælingar eða fleiri hnit eru menn beðnir um að uppfæra viðeigandi lista.

Innsláttarforrit: ellipsehe

Kína-mælingar/viðnámsniðs-mælingar

Kínamælingar (viðnámsniðsmælingar) eru geymdar á /jel/kina. Nokkuð er mismunandi hvernig frumskrárnar eru geymdar á hverju svæði en oftast hafa þær endinguna .frl og eru geymdar á undirsvæði með viðeigandi línunúmeri, t.d. **lina1/**, eða **frl/**. Einnig eru til frumskrár með endingu .plo (/siglufjordur) og .res (/gph_vestfirðir).

Hluti af mælingunum var færður /sleginn inn sumarið 2002. Sumarmennirnir Einar Leif Nielsen (eln) og Unnar Thor Bachman (uthb) tóku þátt í því. *Það á eftir að lesa yfir innsláttinn frá sumrinu.* (SHj. sept.2002)

Hnitum, sem búið er að finna, hefir verið safnað á /jel/kina/MASTER:

kina.hnit_wgs84	Hnit mælinga sem þegar er búið að slá inn í UTM-WGS-84.
hnit_ekki_gengin_ut	Hnit sem fundist hafa á kortum/teikningum en frumskrárnar á eftir að slá inn (ekki geymdar með hinum).
finna_hnit	Listi yfir þær mælingar sem búið er að slá inn en eftir er að finna hnit fyrir.
kina.dir	Listi yfir frumskrár (.frl) og hvar þær er að finna.

Ef slegnar eru inn mælingar eða fleiri hnit eru menn beðnir um að uppfæra viðeigandi lista. Sjá einnig upplýsingar í /jel/kina/LES og /jel/kina/sigurlaug/LES.

Innsláttarforrit: svalur

Tvívólsmælingar

Tvívólsmælingar eru geymdar á /jel/tvipoll. Á hverju svæði er að finna undirsvæði **frd**/ sem frumskrár eru geymdar á.

Tvívólsgögnin voru slegin inn sumarið 2002. Það gerðu sumarmennirnir Einar Leif Nielsen (eln) og Unnar Thor Bachman (uthb). Ég las yfir og breytti í ágúst sama sumar. Frumgögnin er að finna í sjö möppum í gagnageymslu jarðeðlisfr. Þau eru frá árunum 1974, 1975, 1976 og 1977. Að auki er ein mappa (græn) sem geymir gögn af Hengilssvæði og ekki er enn búið að slá inn (ágúst 2002). Frumgögnin voru slegin inn á því formi sem þau voru í möppunum.

Hnitum, sem búið er að finna, hefir verið safnað á /jel/tvipoll/MASTER:

tvipoll.hnit_wgs84	Hnit mælinga sem þegar er búið að slá inn í UTM-WGS84.
hnit_ekki_gengin_ut	hefir að geyma hnit sem fundist hafa á kortum/teikningum frumskrárnar á eftir að slá inn (ekki geymdar með hinum).
finna_hnit	Listi yfir þær mælingar sem búið er að slá inn en eftir er að finna hnit fyrir.
tvipoll.dir	Listi yfir frumskrár (.frd) og hvar þær er að finna.

Myndir-yfirlit

Meðfylgjandi eru tvær myndir sem sýna þær viðnámsmælingar sem búið er að hnita. Mynd 1 sýnir staðsetningu þeirra viðnámsmælinga sem slegnar hafa verið inn. Mynd 2 sýnir staðsetningu þeirra mælinga sem ekki hafa verið slegnar inn. Myndirnar má finna á /os/shj/2002/vidnamsmaelingar/

Staðan í byrjun september 2002:

TEM:	1157 mæl. á tem.dir	1157 hnit m/frumskr.	0	hnit ekki m/frumskr.
SLÚMM:	2095 mæl. á slumm.dir	2047 hnit m/frumskr.	171	hnit ekki m/frumskr.
KÍNA:	393 mæl. á kina.dir	67 hnit m/frumskr.	32	hnit ekki m/frumskr.
TVÍP.:	147 mæl. á tvipoll.dir	131 hnit m/frumskr.	0	hnit ekki m/frumskr.

Orkustofnun, Rannsóknasvið
Sigurlaug Hjaltadóttir



